



# Fréttabréf Brekkuskóla

1. október 2013  
2. tbl. skólaárið 2013 - 2014  
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Í liðnum mánuði höfum við kynnt skólastarfið og áherslur í foreldrasamstarfi í morgunynningum fyrir foreldra í 2., 3. 4. 6., 7. 9. og 10. bekk. Framundan eru síðan foreldranámskeið fyrir foreldra í 1. 5. og 8. bekk. Mikilvægi foreldrasamstarf verður aldrei of oft rætt því eins og komið hefur fram á kynningarfundunum þá er sterkur foreldrahópur forsenda þess að vel gangi að greiða úr málum sem upp kunna að koma á meðal barnanna okkar. Ef foreldrar þekkjast vel er líklegra að samskipti séu uppbyggileg og góð um uppeldi barnanna bæði utan skólatíma og í skólanum.

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn í nýliðinni viku þar sem m.a. skólastjórnendur fengu tækifæri til að ræða framtíðarsýn skólastarfsins. Þökkum við kærlega fyrir þetta tækifæri til að ræða skólastarfið í hópi foreldra.

Skólinn er í fjölbjóðlegum samskiptum. Framkvæmd Nordplus verkefnisins hófst nú í september þegar tveir kennarar sóttu Letta heim ásamt Norðmönnum. Samstarfsskólarnir hafa skipt með sér verkefnum og miðla þeir síðan til samstarfsmanna og nemenda því sem þau læra í verkefnavinnunni. Þetta verkefni nær til ársins 2015 og verður spennandi að sjá hvaða ávinning við fáum af því að vera í slíku samstarfi. Tveir kennarar eru nú í Danmörku í tengslum við Comeniusarverkefnið okkar Working together [www.workingtogether.mono.net](http://www.workingtogether.mono.net)

Framundan er starfsdagur föstudaginn 4. október þar sem starfsfólk á öllum skólastigum hittist og ræða skólastarf og bera saman bækur sínar. Við vekjum athygli á að þennan dag er Fristund lokað. Haustið verður síðan föstudaginn 25. og mánudaginn 28. október n.k. Síðari hluta októbermánaðar hefjum við undirbúning að árhátíðinni okkar sem verður 28. nóvember. Að öðru leyti verður skólastarfið nokkuð hefðbundið.

Ljósmyndari verður hjá okkur fimmtudaginn 3. október og tekur myndir af 1., 4., 7. og 10. bekk fyrir Mentorkerfið og skólann. Teknar verða eins og áður einstaklingsmyndir og hópmyndir. Það verður síðan ársvisst að þessir bekkir fari í ljósmyndun. Reynt verður að taka líka myndir af þeim sem misstu af í fyrra og eru í öðrum árgöngum. Við getum þó ekki lofað að það takist þar sem við höfum takmarkaðan tíma.

Sjáumst í skólanum!  
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri

## 1-5-8

Foreldranámskeið 1 - 5 - 8 verða haldin sem hér segir:



**1. bekkur** - 7. okt. kl. 16:30 - 18:30 og 15. okt. kl. 16:30 - 17:30

**5. bekkur** - 8. okt. kl. 16:30 - 18:30 og 16. okt. kl. 16:30 - 17:30

**8. bekkur** - 9. okt. kl. 16:30 - 18:30 og 14. okt. kl. 16:30 - 17:30

**Í fyrra skiptið verður boðið upp á súpu og brauð í matsal eftir námskeiðið.**

Þessi námskeið eru ætluð foreldrum í 1., 5. og 8. bekk. Foreldrar þessara árganga fá senda dagskrá og fundarboð í netpósti þegar nær dregur.

## Göngum í skólann



G. ÁÁ vann keppnina

Í skólanum fór fram sérstök skráning á því hve margir komu gangandi/hjólandi o.s.frv. í skólann vikuna 9. - 13. sept. Það var gert til að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi hreyfingar og örugga umferð í kringum skólann okkar. Sá bekkur sem hlutfallslega kom oftast gangandi/hjólandi í skólann fékk að launum viðurkenningu, svokallaða "Gullskó" og það var G. ÁÁ sem var hlutskarpastur að þessu sinni. Það er skemmst frá því að segja að langflestir nemendur skólans koma með eigin hreyfiafli í skólann eða um 88% nemenda. Verkefnið er unnið í tengslum við átakið "Göngum í skólann" [www.gongumiskolann.is](http://www.gongumiskolann.is) Umsjón með keppninni höfðu íþróttakennarar skólans í samstarfi við stjórnendur.

**Brekkuskóli**

v/Skólastíg  
600 Akureyri  
sími 462-2525  
[www.brekkuskoli.is](http://www.brekkuskoli.is)

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

## Viðburðadagatal og matseðill – Október 2013

29.	30.	1. Buff, kartöflur, sósa, salat og ávextir	2. Öfnsteiktur spaghettifiskur, salat og ávextir	3. Steiktur kjúklingur, kartöflur, salat og ávextir <b>Ljósmyndari í 1., 4., 7. og 10. bekk</b>	4. <b>Starfsdagur</b> <b>Frístund lokað</b>	5.
6.	7. Steiktur fiskur í raspi, kartöflur, sósa, salat og ávextir <b>1 - 5 - 8 foreldrafundur fyrir 1. bekk</b>	8. Kjötbollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir <b>1 - 5 - 8 foreldrafundur fyrir 5. bekk</b>	9. Snakk-ýsa, kartöflur, salat og ávextir <b>1 - 5 - 8 foreldrafundur fyrir 8. bekk</b>	10. Lambapottréttur, kartöflumús, salat og ávextir	11. Pasta, brauð, salat og ávextir	12.
13.	14. Björkeby fiskur, kartöflur, hvítur jafningur, grænmeti og ávextir <b>1 - 5 - 8 foreldrafundur fyrir 8. bekk</b>	15. Soðið slátur, kartöflur, hvítur jafningur, grænmeti og ávextir <b>1 - 5 - 8 foreldrafundur fyrir 1. bekk</b>	16. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir <b>1 - 5 - 8 foreldrafundur fyrir 5. bekk</b>	17. Grænmetisbuff, hrísgrjón, sósa, salat og ávextir	18. Hrísgrjónagrautur, kalt slátur, grænmeti og ávextir	19.
20.	21. Kjötþúðingur, kartöflur, sósa, grænar baunir, og ávextir	22. Silungur/ýsaréttur, kartöflur, sósa, salat og ávextir <b>Undirbúningur hefst fyrir árs hátíð 28. nóv.</b>	23. Soðið lambakjöt, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa, salat og ávextir	24. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	25. <b>Haustrí</b> <b>Frístund opin</b>	26.
27.	28. <b>Haustrí</b> <b>Frístund opin</b>	29. Kjötúsúpa, grænmeti og ávextir	30. Grænmetisréttur, hrísgrjón, smábrauð, salat og ávextir	31. Gufusoðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, tómatsósa, salat og ávextir	1. nóv. Góllas í sósu, grænmeti og ávextir	

### Myndataka – fimmtudaginn 3. október

Ljósmyndari kemur til okkar fimmtudaginn 3. október og tekur myndir af 1., 4., 7. og 10. bekk. Foreldrar geta í framhaldinu fengið keyptar myndir af börnum sínum og bekk/árgangi þeirra.

Pakkinn fyrir hvern nemanda inniheldur:  
Bekkjarmynd í str. 20x25cm með nöfnum allra nemenda ásamt kennara  
Einstaklingsmynd, 1 stk. 13x18cm og 2 stk. 10x15cm

Eftir um það bil tvær vikur fá foreldrar senda vefslóð í netpósti frá skólanum þar sem allar myndir bekkjarins birtast. Hægt verður að panta þær á vefsíðu ljósmyndarans og greiða með millifærslu. Myndirnar verða svo afhentar í skólanum þegar þær eru tilbúnar. Allar frekari upplýsingar verða sendar foreldrum í netpósti þegar þær eru komnar.



Unnið með ber í 1. bekk